

SET mótið 2015

Fyrirkomulag mótsins

- Spilað verður í sex deildum þar sem allir spila við alla. Leiktími er 1x12 mínútur. Spilað er fimm á móti fimm og það eru frjálsar skiptingar.
- Ef lið verða jöfn af stigum í deildarkeppninni þá gildir fyrst markatalan, svo innbyrðis viðureign og ef það er allt jafnt verður hlutkesti um sæti í deild. Leikur skráist að hámarki með þriggja marka mun. Dæmi: leikur vinnst 8-2 en úrslit verða skráð 5-2.
- Spilað verður með reglu á mótinu sem kallast „**bannað að negla regla**“. Hún virkar þannig að í hvert skipti sem markmaðurinn fær boltann þurfa andstæðingarnir að bakka aftur fyrir miðju áður en þeir mega byrja að verjast.
- **Jafnir leikir:** Á SET mótin viljum við hafa alla leiki eins spennandi og hægt er. Ef lið er þremur mörkum eða meira yfir í leik þá á liðið sem er undir að spila einum fleiri (amk þar til leikurinn verður jafnari). Þjálfar **eiga** að passa upp á að þessu verði fylgt með því að setja inn aukamann (spila 6:5) eða að taka mann útaf ef að lið er ekki með aukamann (spila 5:4). Þjálfarar þurfa ekki sérstakt leifi frá hinum þjálfaranum til að setja inn aukamann.
- **Verðlaun:** Allir leikmenn fá skemmtilega þáttöku gjöf í upphafi móts. Efstu þrjú lið í hverri deild fá verðlaun. Leikmaður mótsins í hverri deild fær verðlaun. Þeir leikmenn verða valdir út frá tæknilegum sjónarmiðum en ekki síður fyrir framkomu, hátterni og virðingu fyrir öllu sem viðkemur leiknum. Þjálfari mótsins verður valinn en hann verður valinn út frá því hversu hvetjandi hann virkar fyrir liðið sitt og einnig út frá framkomu, hátterni og virðingu fyrir leiknum. Dómari mótsins verður valinn og síðast en ekki síst verður valdið prúðasta liðið og háttvísiverlaun KSÍ veitt þeim liðum sem haga sér vel innan sem utan vallar og sýna háttvísi.

